

**Alþingi**  
**Erindi nr. P** 128/405  
**komudagur** 3.12.2002  
128/4



**SAMTÖK ATVINNULÍFSINS**

Efnahags- og viðskiptanefnd  
Við Austurvöll  
150 Reykjavík

AE/AA

Rvk. 2.12.2002

**Efni: Umsögn um stjórnarfrumvarp um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum, 359. mál, gjaldaheimildir.**

Samtök atvinnulífsins lýsa áhyggjum af þeim vexti kostnaðar sem átt hefur sér stað við fjármálaeftirlit hér á landi og þeim gjaldahækkunum sem lagðar eru á eftilitsskylda aðila. SA taka undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja, dags. 30. 11 2002, þar sem farið er fram á að ríkið taki þátt í þeim kostnaði af störfum FME sem sérstaklega er unnin fyrir viðkomandi ráðuneyti og að hlutfallslegur kostnaður milli einstakra geira á fjármálasviði sé í sem mestu samræmi við þann raunkostnað sem af eftirliti með þeim hlýst.

Virðingarfyllst,

Ari Edwald, framkvæmdastjóri